

Minnisblað til bæjarráðs

Garðabæ, 17.11.2021  
*Mál nr. 1810028*  
*Mál nr. 2101335*

**Efni: Betri Garðabær, staða framkvæmda, framkvæmdaáætlun**

Staða framkvæmda á verkefnum sem voru kosin áfram úr samráðsverkefninu **Betri Garðabæ 2019**.

Verkefnum er að langmestum hluta lokið. Upplýsingar um það sem breyttist í framkvæmdaferlinu.

- Vatnsfontar – gera þurfti meira þúkk við vatnsfonta svo að vatnssöfnun væri ekki eins mikil í kringum svæðin. Einnig er verið að skoða að hafa ekki stöðugt rennsli og áður en síðasti fonturinn verður settur upp.
- Leiksvæðið við Sjáland þurfti að fara í skipulagsbreytingu og samráð við íbúa. Útfærsla var samþykkt vorið 2021 en þá var erfitt að fá verktaka í framkvæmdina. Framkvæmd er þó hafin og mun verkið klárast í byrjun næsta árs eða á vormánuðum, fer eftir veðurfari.
- Fræðsluskilti við stríðsminjar – búið er að setja upp 2 af 3 skiltum. Ekki hefur náðst samkomulag við landeiganda um staðsetningu þriðja skiltisins en vonir standa til um að það takist og er það í vinnslu.
- Yfirbyggt hjólaskýli við Aktu Taktu – það var flóknara að koma skýlinu fyrir heldur en upphaflega var reiknað með. Strætóbiðstöðin við Ásgarð var í frekar lélegu ásigkomulagi og því var farið í að endurgera allt svæðið og setja nýtt strætóskýli. Framkvæmdinni við endurgerð á strætóstoppistöðinni er að mestu lokið og undirstaðan undir hjólaskýlið er tilbúin en beðið er eftir að hjólaskýlið komi til landsins til að hægt sé að setja það upp.
- Útivistarstígur í Heiðmörk fer nokkuð fram úr kostnaðaráætlun þar sem ákveðið var að lengja stíginn þannig að hann næði að nýrri útílífsmiðstöð við Grunnuvötn. Viðbótarfjármagn í það verk var ráðstafað af fjárhagslið fyrir útivistarstíga almennt.

Verkefni	Áætlun	Raun	Staða
Skjólveggur við heita potta í Ásgarði	2 milljónir	2.028.034 kr	Lokið
Útisturta við ströndina í Sjólandi	2 milljónir	1.029.684 kr	Lokið
Sundfatavindur í Álftaneslaug	1 milljónir	592.173 kr	Lokið
Tíu áningarstaðir með bekkjum	10 milljónir	9.319.902 kr	Lokið
Aparóla við Hofstaðaskóla	3 milljónir	2.399.800 kr	Lokið
Fjölgun strætóskýla (að hluta)	12 milljónir	14.401.962 kr	Lokið
Útivistarstígur í Heiðmörk	20 milljónir	33.942.075 kr	Lokið
Fjórir vatnsfontar	5 milljónir	4.047.135 kr	Lokið – nema á Álftanesi, verður settur upp í vor
Leiksvæði við ströndina í Sjólandi	25 milljónir	10.335.510 kr	Frankvæmd hafin, klárast með vorinu
Sjónaukar við Arnarnesvog	3 milljónir	4.069.208 kr	Lokið
Fræðsluskilti við stríðsminjar	5 milljónir	3.150.182 kr	2 skilti af 3 komin upp, ekki hefur fengist heimild landeiganda með síðasta skiltið
Ærslabelgur við Álftanesskóla	3 milljónir	5.072.739 kr	Lokið
Yfirbyggt hjólaskýli við Aktu Taktu	5 milljónir	4.821.174 kr	Búið að panta skýli og svæðið klárt þegar það kemur.
<b>Samtals</b>	<b>100 milljónir</b>	<b>95.209.578 kr</b>	

Niðurstöður úr rafrænni íbúakosningu **Betri Gardabæjar 2021** lágu fyrir í byrjun júní á þessu ári. Verkefni Betri Gardabæjar 2021 áttu að fara í undirbúning og framkvæmd á árunum 2021 og 2022. Undirbúningur er hafinn að mörgum verkefnum sem voru kosin áfram en ekkert verkefni komið á framkvæmdastig.

Verkefni	Áætlun	Staða
Heiðmörk stígar	20 milljónir	Hönnun að hefjast
Kort með göngu- og hlaupaleiðum	5 milljónir	
Gosbrunnur fyrir glaða krakka	5 milljónir	Verið að skoða staðsetningu, líklega Garðatorg
Fjölga bekkjum og áningarstöðum	10 milljónir	Í gangi
Aðstaða fyrir sjósport í Sjúlandi	20 milljónir	Búið að fá teikningu af endurgerð á rampi og tilboð í steypu.
Stjörnuskodunarvæði í upplandi	6 milljónir	Ekki hafið
Infrarauður saunaklefi í Ásgarðslaug	20 milljónir	AV arkitektar munu koma með tillögu að útfærslu
Ærslabelgur í Sjúlandi	3,5 milljónir	Erum að leita að staðsetningu
Skólalóð Sjúlandsskóla - aparóla	3,5 milljónir	Hönnun að hefjast
Skólalóð Sjúlandsskóla – lítill trampólín	3,5 milljónir	Hönnun að hefjast
Ærslabelgur við Kaupþún	3,5 milljónir	Byrjað að leita af staðsetningu. Önnur útfærsla er að ærslabelgurinn verður settur í Miðgarð í Urriðaholti.
<b>Samtals</b>	<b>100 milljónir</b>	